**2017/EES/64/18**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 312/2015**

**frá 11. desember 2015**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2014 frá 7. júlí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstieininga ([1]).

2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6l **32014 R 1253**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2014 frá 7. júlí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstieininga (Stjtíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 8).“

*2. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 26l (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„26m. **32014 R 1253**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2014 frá 7. júlí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstieininga (Stjtíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 8).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1253/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

---

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 8.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsin*s og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.